

## Fundargerð

### Samstarfsnefnd og samninganefnd

Haldinn mánudaginn 31. ágúst 2009 að Sólborg

Boðaðir voru nefndarmenn í samstarfsnefnd og samninganefnd. Úr samstarfsnefnd mættu: Erlendur Steinar Friðriksson og Helgi Gestsson sem einnig er í samninganefnd. Aðrir sem mættu úr samninganefnd voru: Kjartan Ólafsson og Hjördís Sigursteinsdóttir. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Það sem rætt var:

1. Vantar fundargerð frá síðasta samstarfsnefndarfundum með yfirstjórn. Erlendi Steinari var falið að ganga í að fá hana.
2. Samþykkt var að Erlendur Steinar yrði formaður samstarfsnefndar. Í kjölfarið var aðeins farið yfir starf nefndarinnar.
3. Rætt var um tvö mál sem borist hafa vegna vinnumatssjóðs.
4. Heyrst hefur að til sé vinnuþáttur við stofnanasamninginn sem lagt er til grundvallarregla. Farið verður fram á að fá afrit af þessu skjali. Erlendur Steinar gengur í málið.
5. Rætt var um vinnumatssjóðinn og skiptingu hans milli starfsmanna. Skoða þarf forsendur og rök fyrir úthlutun og upplýsa félagsmenn um hvernig þetta virkar.
6. Skoða þarf líka kennsluhluta vinnumatssjóðs og koma kennurum af stað í að sækja um.
7. Hugmynd að tillögu: Kennarar sem bæta við sig kennsluskyldu að hann fái viðbótar kennslustig og þau væru metin til jafns við rannsóknarstig í launaframgangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.